

Viðauki við umbótaáætlun að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Samantekt: Ársæll Guðmundsson, skólameistari
12. febrúar 2019

Umbótaáætlun Borgarholtsskóla var skilað inn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins 26. nóvember 2018. Í framhaldi af því fékk skólinn bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dagsett 29. nóvember 2018 um að nokkra þætti vanti inn í umbótaáætlunina sem skýrsluhöfundar (ytri úttektaraðilar) telji að feli í sér tækifæri til umbóta. Eftirfarandi þættir er nefndir:

Stjórnun og skipulag

- Íhuga hvort og hvernig unnt sé að auka enn frekar áhrif nemenda á nám sitt og málefni skólans

Kennsla og námsframboð

- Gera má betur við að aðstoða nemendur á iðnbrautum við að komast í starfsnám á vinnustöðum
- Afla haldgóðra upplýsinga um kennsluhætti og framkvæmd kennslustunda
- Kanna hvort nemendur með sérþarfir fái nauðsynlegan stuðning og þjónustu og bregðast við í samræmi við niðurstöður
- Tryggja að allir kennarar geti sótt sér endurmenntun við hæfi

Samskipti og líðan

- Íhuga hvort og hvernig unnt sé að auka lýðræðislega þátttöku nemenda innan skólastofunnar
- Kanna umfang og ástæður vinnu nemenda með námi, nám sé ævinlega sett í forgang
- Vinna markvisst að því að jafna hlutfall kynjanna sem mest á námsbrautum skólans
- Efla foreldraráð til virkara samstarfs og gera það sýnilegra á vef BHS

Skólanum er vandi á höndum þar sem margir þættir sem nefndir eru hér að ofan eru huglægir, vanreifaðir og byggja á vankunnáttu úttektaraðila á starfsemi framhaldsskóla og þeim ramma laga og reglugerða sem þeim er gert að starfa eftir. Viðleitni Borgarholtsskóla til að bæta starf sitt er takmarkalaus og verður því reynt að bregðast við ofangreindum ábendingum eins og við verður komið. Verður hverjum lið svarað fyrir sig.

Stjórnun og skipulag

- Íhuga hvort og hvernig unnt sé að auka enn frekar áhrif nemenda á nám sitt og málefni skólans

Í úttektarskýrslunni er hvergi færð rök fyrir þeirri niðurstöðu að áhrif nemenda á nám sitt og málefni skólans sé af skornum skammti heldur er víða komið inn á hvernig nemendur geta komið skoðunum sínum á framfæri. Vissulega hefur skólaráð verið óvirkt um árabíl eða frá því að reglugerð um skólaráð í framhaldsskólum var felld úr gildi. Kosið verður í nýtt skólaráð þegar haustið 2019 og mun það byrja á því að setja sér verklagsreglur.

Nemendur munu héðan eftir sem hingað til svara áfangakönnunum þar sem niðurstöðurnar verða áfram nýttar til að bæta þjónustu við nemendur.

Áfram mun nemendum gefast kostur á að svara viðhorfakönnunum um innra starf skólans og um þætti sem snerta málefni skólans.

Tekin hafa verið upp sk. vörðuviðtöl þrisvar sinnum á önn þar sem nemendum gefst tækifæri á að ræða við alla kennara sína um námið og framgang þess og hafa áhrif á þjónustuna.

Kennsla og námsframboð

- Gera má betur við að aðstoða nemendur á iðnbrautum við að komast í starfsnám á vinnustöðum
- Afla haldgóðra upplýsinga um kennsluhætti og framkvæmd kennslustunda
- Kanna hvort nemendur með sérþarfir fái nauðsynlegan stuðning og þjónustu og bregðast við í samræmi við niðurstöður
- Tryggja að allir kennarar geti sótt sér endurmenntun við hæfi

Í skýrslu úttektaraðila bls. 32 segir eftirfarandi:

„Vinnu- og rýnihópar starfsmanna eru einhuga um að vel sé að sérnámsbrautinni staðið og nemendur fái þar og að aðstoð við að komast í starfsþjálfun á vinnumarkaði. Á hinn bóginn megji gera betur við að aðstoða nemendur á iðnbrautum sem standa í sömu sporum“

Hér virðist vera um einhvern misskilning úttektaraðila að ræða því þeir blanda saman í eina umræðu starfsþjálfun fatlaðra nemenda og vinnustaðanámi iðnnema en þessir þættir er gerólíkir og lúta mjög ólíkum lögmálum. Tekin voru rýniviðtöl við tvo hópa kennar og ætla ég að í þeim hópum hafi ekki verið kennarar með innsýn í vinnustaðanámi iðnnema. Í lögum um framhaldsskóla er sérstaklega fjallað um vinnustaðanámi í nokkrum greinum en í gr. 21. kemur fram að skilgreining á vinnustaðanámi og reglur um vinnustaðanámi skuli getið í aðalnámskrá. Skólinn aðstoðar fatlaða nemendur við að komast í starfsþjálfun og er í sérstöku og stöðugu sambandi við vinnustaðinn um það sem þar fer fram. Iðnnemar gera hins vegar sérstakan námssamning fyrir milligöngu þriðja aðila um vinnustaðanámið og kemur skólinn lítið að því. Í annan stað hefur skólinn engar skyldur við að aðstoða nemendur við að komast í starfsnám – hvorki í lögum né reglugerðum. Á hinn bóginn er rétt að geta þess að þrátt fyrir að það sé ekki hlutverk skólans að finna nemapláss fyrir iðnnema þá eru deildarstjórar í málmiðngreinum og bíliðngreinum mjög natnir við að aðstoða nemendur við að finna nemapláss í atvinnulífínu. Þessi athugasemd úttektaraðila á sér því enga stoð og er svo illa grunduð að ekki er hægt að bregðast við henni nema af auðmýkt og með brosi.

Þær upplýsingar sem skólinn aflar sér reglulega og með kerfisbundum hætti um kennsluhætti og framkvæmd kennslustunda er með áfangakönnunum. Í annan stað skila allir kennarar inn náms- og kennsluáætlunum í upphafi annar sem eru yfirfarnar af sviðstjórum. Þessar áætlanir eru gerðir eftir útgefinni forskrift. Alltaf má gera betur við eftirlitsstörf og mun skólinn fyrir upphaf haustannar 2019 vera búinn að setja sér skýrar starfsaðferðir við að afla þekkingar á kennsluháttum og framkvæmd kennslustunda.

Nemendur með sérþarfir er mjög breiður hópur skv. skilgreiningu aðalnámskrar framhaldsskóla og er vel haldið utan um þarfir nemenda á sérnámsbraut og á framhaldsskólabraut. Þar er starfandi sérstakur sviðstjóri sem með fagstjórum sinnir þörfum þessa hóps og gætir að velferð nemenda. Tekið er tillit til allra nemenda með metnar sérþarfir. Hins vegar er hópur nemenda með sérþarfir sem eru ekki formlega metnar sem sérþarfir og erfiðlega hefur stundum gengið að ná til þessara nemenda til að veita þeim tilhlýðilga þjónustu. Til að auka þessa þjónustu var ráðinn sérstakur starfsmaður til að styðja við nemendur með litla hæfni í íslensku. Skólinn mun einnig í framhaldinu og eigi síðar en á haustönn 2019 vera búinn að kanna með formlegum hætti hvort þjónusta skólans sé viðunandi.

Varðandi endurmenntun kennara þá heldur skólinn uppi mjög öflugum og hvetjandi málflutningi til að kennarar fái notið góðrar endurmenntunar. Til dæmis er sérstakur verkefnisstjóri erlendra samskipta sem hefur m.a. það verkefni að útvega kennurum styrki til að sækja sér menntun erlendis í gegnum „Job shadowing“. Skólinn hefur staðið straum að kostnaði vegna forfallakennslu þar sem slík endurmenntun nánast undantekningalaust fram á starfstíma skóla. Sérstakt ákvæði í kjarasamningum kennara gera það að verkum að skólastjórnendur hafa allt of lítið að segja yfir endurmenntun kennara en þeir fá 80 klst greiddar í laun utan starfstíma skóla til að sinna endurmenntun og yfirráð stjórnenda yfir þeim tíma eru lítil. Um starfsþróun er sérstaklega getið í starfsmannastefnu skólans og þar kemur m.a. fram að skólinn veiti starfsmönnum sérstakan styrk til endurmenntunar á þriggja ára fresti. Ábending úttektaaðila að skólinn tryggi að allir kennarar geti sótt sér endurmenntun við hæfi er því óskiljanleg og óframkvæmanleg ekki síst í ljósi þess að skólinn er með 23 námslínur og sjá fagfélög sjálf flest um endurmenntun á sínu sérsviði sem kennarar sækja.

Samskipti og líðan

- Íhuga hvort og hvernig unnt sé að auka lýðræðislega þátttöku nemenda innan skólastofunnar
- Kanna umfang og ástæður vinnu nemenda með námi, nám sé ævinlega sett í forgang
- Vinna markvisst að því að jafna hlutfall kynjanna sem mest á námsbrautum skólans
- Efla foreldraráð til virkara samstarfs og gera það sýnilegra á vef BHS

Skólinn telur það vera síkvíkt verkefni að íhuga hvernig auka megi lýðræðislega þátttöku nemenda innan skólastofunnar og meta hvernig til tekst með framkvæmdina. Erfitt er að átta sig á hvað úttektaaðilar eru að benda á hvað þetta varðar en skólinn hefur sett á laggirnar innleiðingaráætlun innhverfrar íhugunar fyrir starfsfólk og nemendur skólans í von um að higurinn hægist og virðing vaxi.

Varðandi ábendinguna um að skólinn kanni umfang og ástæður vinnu nemenda með námi og að nám sé sett í forgang er hvergi minnst á þennan þátt í skýrslunni né er það hlutverk skólans að hlutast til um vinnu nemenda með námi. Hins vegar spyr skólinn um þetta atriði í áfangakönnunum og getur upplýst um niðurstöður þeirra athugana. Hérna virðist einhver misskilningur vera á ferðinni hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hins vegar tekur skólinn heilshugar undir þá staðhæfingu ráðuneytisins að nám sé ævinlega sett í forgang.

Jöfn staða kynjanna og jafnrétti er eitt af grunngildum Borgarholtsskóla og skín sú stefna í gegn hvarvetna í skólastarfinu. Markvisst hefur verið og er unnið að því að jafna stöðu kynjanna á námsbrautum skólans með átaksverkefnum og sérstökum kynningum á námsbrautum. Sjá má árangurinn nú þegar en fleiri stúlkur en drengir hófu nám í bílamálun á vorönn 2019 í fyrsta skipti í sögu skólans. Kynjahlutfallið á námsbrautum er þekkt og hefur verið kynjahalli í áratugi í vissum námsgreinum og enn hefur ekki fundist leið til að rétta þetta af enda um viðhorf í samfélaginu að ræða. Skólinn vinnu þó markvisst að því að bæta hér úr eins og áður hefur komið fram.

Foreldraráð hefur þegar verið gert sýnilegra á vef BHS en þó aðallega með stofnun sérstakrar síðu á samfélagsmiðlum. Skólinn hefur haldið fundi með foreldrum og sérstakar kynningar um málefni sem snerta uppeldi og menntun ungs fólks.